

$\frac{1}{2}$ fyrir hvern $\frac{1}{2}$ hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$, skal hann felldur niður með öllu. Telji sjóðstjórn tekjulið vera að nokkru leyti vinnutekjur, en að nokkru leyti eignatekjur, skal hún áætla skiptingu hans í þessa tvo hluta. Atvinnuleysisbætur og slysadagpeningar teljast til vinnutekna í þessu sambandi.

6. gr.

Greiðslur eftirlauna eiga sér stað frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá uppfylltu skilyrði fyrir eftirlaunarétti. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til eftirlauna, greiðast þau frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðlast þann rétt. Aldrei skal úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er stjórn sjóðsins ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn annist greiðslu lífeyris fyrir sjóðinn samkvæmt reglugerð þessari. Skal þá bankinn gera ársfjórðungslega kröfu á hendur ríkissjóði, sem greiðir 62.5% útgjalda, og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem greiðir 37.5% útgjalda. Skal miðað við, að þessir aðilar geri skil á áætluðum útgjöldum hvers ársfjórðungs ásamt endanlegu uppgjöri fyrir næsta ársfjórðung á undan eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok ársfjórðungsins.

7. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn sjóðsins lætur gera. Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji stjórn sjóðsins upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta úrskurði, unz úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

Stjórnir búnaðarfélaga skulu láta stjórn sjóðsins í té skrár um þá, sem þær telja, að rétt eigi til eftirlauna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Áfengisvarnarnefnd fer með:

1. Starf til eflingar bindindisstarfsemi í Reykjavík.
2. Almenn fræðslu- og upplýsingastarf um bindindis- og áfengismál.
3. Eftirlit með lögboðinni bindindisfræðslu í skólum.

4. Aðstoð við yfirvöld til að halda hlýðni við áfengislög og jafnframt reyna að vinna gegn ólöglegri framleiðslu og meðferð áfengis.
5. Ráðgjöf um bindindis- og áfengismál. Í því sambandi skal áfengisvarnarnefnd vera umsagnaraðili um umsóknir um vinnveitingaleyfi og umsóknir um endurveitingu ökuleyfa.

3. gr.

Félagsmálaráð fer með:

1. Aðstoð til handa drykkjusjúkum mönnum og þeim öðrum, sem misnota áfengi. Aðstoð skal jöfnum höndum fólgin í ráðleggingum og aðstoð í persónulegum og félagslegum vandamálum, sem og fyrirgreiðslu um meðferð og læknishjálp, jafnt á sjúkrahúsum og hælum sem utan stofnana.
2. Aðstoð og ráðleggingar til fjölskyldna og aðstandenda drykkjusjúkra einstaklinga.
3. Uppbyggingu og rekstur þeirra vistheimila og vinnuhæla fyrir drykkjusjúklinga, sem Reykjavíkurborg kann að reka.

4. gr.

Komi upp ágreiningur um skýringar á reglugerð þessari, sker heilbrigðisráðuneyti úr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt áfengislögum nr. 82/1969 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Ingimarsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veidifélag Hvítárvatns.

1. Félagið heitir Veidifélag Hvítárvatns. Heimili þess og varnarþing er Biskupstungnahreppur.
2. Félagið nær til allra jarða, sem upprekstur eiga á Biskupstungnafrétt, en þær eru: Bræðratunga I, Bræðratunga II, Hvítárbakki, Lambhúskot, Ásakot I, Ásakot II, Galtalækur, Krókur, Borgarholt, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir I, Drumboddsstaðir II, Einholt, Kjarnholt I, Kjarnholt II, Gígjarhóll I, Gígjarhóll II, Gígjarhólskot I, Gígjarhólskot II, Brattholt, Kjóstastaðir, Hólar, Brú, Brúarhvamur, Haukadalur og Bryggja, Haukadalur II, Haukadalur III, Laug, Helludalur I, Helludalur II, Múli, Austurhlíð, Hlíðartún, Stekkholt, Dalsmynni, Hrauntún, Úthlíð I, Úthlíð II, Miðhús, Brekka, Efri-Reykir, Syðri-Reykir I, Syðri-Reykir II, Brún, Árbakki, Miklaholt, Klyf, Spóastaðir I, Spóastaðir II, Skálholt I, Skálholt II, Laugarás, Hveratún, Laugargerði, Lyngás, Ekra, Sólveigarstaðir, Teigur, Ásholt, Ljósaland, Heiðmörk, Iða I og II, Helgastaðir II og III, Eiriksbakki, Auðsholt I, Auðsholt II, Auðsholt IV, Auðsholt V, Höfði, Hrosshagi, Reykjavellir, Torfastaðir, Vegatunga, Litla-Fljót, Brautarhóll, Norðurbrún, Viðigerði, Gufuhlíð, Espiflöt, Birkilundur, Friðheimar, Fell, Fellskot, Vatnsleysa I, Vatnsleysa II, Vatnsleysa III, Heiði, Holtakot, Hjarðarland, Arnarholt, Kjaranstaðir, Ból, Tjörn, Asparlundur, Múli II.